

Reykjavík, 21. janúar 2019

Efni: Breytingar á lögum um þungunarrof

Siðmennt telur mikilvægt að sjálfsákvörðunarréttur kvenna sé hafður að leiðarljósi í allri lagasetningu sem snýr að þungunarrofi og styður félagið því heilshugar meginmarkmið þessara laga að: „*konu verði veitt fullt ákvörðunarvald um það hvort hún elur barn fram að lokum 22. viku þungunar, óháð því hvaða ástæður liggja að baki þeim vilja konunnar.*”

Félagið styður einnig heilshugar: „*rétt kvenna til fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tók á að veita í tengslum við þungunarrof og að tryggja skuli aðgang að þungunarrofi í öllum heilbrigðisumdæmum landsins.*” og að konur fái „*fræðslu um áhættu samfara aðgerðinni sem og að konu skuli boðið upp á stuðningsviðtal bæði fyrir og eftir þungunarrof.*”

Siðmennt ítrekar þá afstöðu sína að almennt eigi að taka ákvarðanir af yfirvegum, skynsemi og byggja þær á vísindalegri þekkingu en ekki kreddum eða trúarsetningum. Félagið hvetur því þingmenn til að hlusta á og fara eftir afstöðu kvenna og sérfræðinga.

Fyrir hönd stjórnar Siðmenntar,
Sigurður Hólm Gunnarsson - Formaður